

Strandabyggð  
Hafnarbraut 25  
510 Hól mavík



ÍSAFJARÐARBÆR

Ísafirði 2. júní 2025

Efni: Sameining sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Á 1325. fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar þann 12. maí 2025 var mál sett á dagskrá að beiðni formanns bæjarráðs varðandi mögulegar sameiningar sveitarfélaga á Vestfjörðum. Þetta var gert í framhaldi af umræðu nágrennasveitarfélaga á Vestfjörðum um sameiningar almennt.

Ísafjarðarbær lýsti þar yfir skýrum vilja til sameininga sveitarfélaga á Vestfjörðum og var bærarstjóra falið að taka þátt í óformlegum viðræðum sem um það kunna að skapast. Þá er það tekið fram að sameiningarvilji eigi ekki að koma í veg fyrir smærri sameiningar annarra sveitarfélaga ef þær eru taldar heppilegri til skemmri tíma.

Við teljum að framtíð Vestfjarða sé best styrkt með færri sveitarfélögum og að nú sé rétti tímamunkturinn til að gera heildstæða úttekt á sameiningu sveitarfélaga á Vestfjörðum. Þar verði fýsileiki sameininga kannaður nánar, meðal annars með úttekt á fjárhagslegum áhrifum og sviðsmyndum við uppsetningu stjórnkerfis og sveitarstjórnar sameinaðs sveitarfélags.

Ísafjarðarbær lýsir yfir áhuga á að óformlegar viðræður verði teknar upp á milli sveitarfélaga sem áhuga hafa á samtalinu.

Hér með er óskað eftir afstöðu þíns sveitarfélags til þessara hugmynda.

Virðingarfyllst,

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir  
Bærarstjóri